

## Til ársfundar Gildis

### Tillagan óskast borin upp undir lið 12

Ársfundur Gildir haldinn þann 24. apríl 2024 samþykkir að óska eftir hluthafafundi Íslandsbanka hf. þar sem óskað verður eftir heimild til að gera skaðabótakröfu í nafni félagsins á hendur fv. stjórn og stjórnendum vegna tjóns er þeir ollu félaginu og hluthöfum við veitingu fjárfestingarþjónustu í tengslum við útboð Bankasýslu ríkisins á 22,5% eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka 22. mars 2022.

---

Greinargerð:

Í júní 2023 samþykkti stjórn Íslandsbanka hf. að greiða 1.160.000.000 krónur í ríkissjóð á grundvelli athugasemda fjármálaeftirlitsins á háttsemi bankans við veitingu fjárfestingarþjónustu í tengslum við útboð Bankasýslu ríkisins á 22,5% eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka 22. mars 2022. [„Samkomulag um að ljúka máli með sátt“](#)

Eftirmálar urðu m.a. þeir að skipt var um stjórn yfir bankanum, bankastjórinn óskaði lausnar og nokkrir starfsmenn höfðu sama háttinn á.

Íslandsbanki hf er á hlutabréfamarkaði og lítur því lögum um hlutafélög [nr. 2/1995](#). Í 15. kafla þeirra er fjallað um skaðabætur. Greinar 134 og 135 orðast svo:

134. gr.

*Stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðendur og skoðunarmenn hlutafélags, svo og matsmenn og rannsóknarmenn, eru skyldir að bæta hlutafélagi það tjón, er þeir hafa valdið félaginu í störfum sínum, hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Sama gildir þegar hluthafi eða aðrir verða fyrir tjóni vegna brota á ákvæðum laga þessara eða samþykktum félags.*

*Hluthafi er skyldur til að bæta tjón sem hann af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hefur valdið félaginu, öðrum hluthöfum eða þriðja aðila með broti á lögum þessum eða samþykktum félagsins.*

*Bótafjárhæð má færa niður með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags tjónvalds og annarra atvika.*

135. gr.

*Ákvörðun um að félag skuli hafa uppi skaðabótakröfu, sbr. 134. gr., skal tekin á hluthafafundi.*

*Hafi hluthafafundur gert samþykkt um ábyrgðarleysi manns eða fellt tillögur um að beita fébótaábyrgð geta hluthafahópar, sem ráða yfir minnst [1/10] heildarhlutafé félagsins, gert skaðabótakröfuna vegna félagsins og í nafni þess. Kostnaður af slíku máli er félaginu*

*óviðkomandi. Þó geta málshefjendur krafist að kostnaður sé greiddur af félaginu allt að þeirri fjárhæð sem félagið fengi greidda í skaðabætur.*

*Ákvörðun hluthafafundar um ábyrgðarleysi eða um að beita ekki fébótaábyrgð er ekki bindandi fyrir protabú félagsins ef félagið telst hafa verið ógjaldfært þegar ákvörðun var tekin eða frestdagur hefst innan árs frá ákvörðuninni.*

Það er hafið yfir allan vafa að með samþykki stjórnar Íslandsbanka á sektargreiðslu vegna athugasemda fjármálaeftirlitsins fellst viðurkenning á að reglum var ekki fylgt. Bankinn hafi brotið lög um markaði fyrir fjármálagerninga við útboð á 22,5% hlut ríkisins.

Gengi bréfa í Íslandsbanka við lokun markaðar föstudaginn 18. mars var 117,032. Í júní 2023 (Skýrsla FMESB) fór það lægst í 110,0. Í dag 5. mars 2024 stendur gengið í 109,0. Markaðsvirði bankans er nú 209,8 milljarðar, lækkað um 15 milljarða frá því salan fór fram. Í þessu birtist tjón hluthafa í Íslandsbanka.


Þá er jafnframt ljóst að Íslandsbanki sjálfur hefur einnig orðið fyrir tjóni þar sem viðskiptavild hans hefur beðið hnekk. Það birtist m.a. í því að nokkur stéttarfélög, sem telja þúsundir félagsmanna, hafa hætt viðskiptum við bankann. Í þessu birtist tjón á eignum og rekstri Íslandsbanka, sem eðli máls samkvæmt endurspeglast líka í verðgildi félagsins, sbr. umfjöllun hér á undan.

Trúverðugleiki og traust bankans hefur enn ekki verið heimt hjá stjórnvöldum. Í lokamálgrein 4. gr. [frumvarpsdraga](#) fjármála- og efnahagsráðherra um ráðstöfun eignarhlutar í Íslandsbanka hf er ákvæði um að Íslandsbanki hf. skuli ekki hafa söluumboð í útboðinu. Ákvæðið staðfestir að bankinn hefur ekki enn áunnið sér það traust sem ætlast er til í þátttöku, þrátt fyrir skýr ákvæði í skýrslu fjármálaeftirlits Seðlabankans um að ákveðnar úrbætur. „bætta flokkun viðskiptavina og upplýsingagjöf til þeirra sem og betri og skýrari hagsmunaaerekstragreiningu og áhættumöt verkefna,“ o.fl. sem fram kemur í ávarpi stjórnarformanns Íslandsbanka hf. í [Árs- og sjálfbærnisráðgjafi 2023](#).

Að lokum skal vakin athygli á að ábyrgð stjórnenda bankans hefur væntanlega verið tryggð með stjórnendaábyrgðartryggingu til viðbótar við hefðbundnar skaðatryggingar til að vernda þá gegn fjárhagslegum skaða sem kann að leiða af starfi og ákvörðunum þeirra í þágu bankans.

Þar sem engar fregnir hafa borist um greiðslur frá fv. stjórnendum telur undirritaður einsýnt að grípa skuli til ákvæðis í 135. gr. eða annarra úrræða á sviði skaðabótareglna.

**Virðingarfyllt**



framkvæmdastjóri

Landssambands smábátaeigenda,  
sjóðfélagi og í fulltrúaráði Gildis.

